

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Tillaga að deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. september 2008 tillögu að deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir bifreiða-, vélhjóla- og skotíþróttir á 80 ha svæði. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. september 2008,*

**Berglind Guðmundsdóttir** landslagsarkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2008